

Ótal fleiri dæmi mætti færa til, og væri það bæði til gagns og fróðleiks ef tími leyfði.

En engin þjóðmenning er verð að heita því nafni, sem ekki hefir kornið auga á fegurðargildið og með því umskapað hugsunarhátt og siði þjóðarinnar. Og bókvit eitt hefir ekki gjört það. Getur það því ekki heitið nema menning til hálfis, að vera vel að sjer um skrifuð fræði, ef um fræði lífsins sjálfs menn eru fákunnandi eða þeim með öllu ókunnugir. Og siðir vorir eiga að breytast svo að þeir verði lifandi vottur þess, að vjer kunnum að meta lífsfegurðina sjálfa. Og það sem stendur því mest í vegi er ekki fátækt efnaleg, að ekki sje hægt að búast í skart og klæðast pelli og purpura. Því þó klæðnaður eigi töluverðan þátt í því að persónan komi vel fyrir, þá er hann ekki aðalskilyrðið. "Þveginn og mettr ríði maður þingi at, þótt hann sét væddr til vel". En það sem stendur mest í vegi er fátækt andleg og siðir æfagamlir, er spröttið hafa af lítilsvirðing fyrir fegurðar göfginu. Og svo er það líka fúsleikinn sá, ávalt að vera reiðubúinn, að stíga niður til þess sem lægra stendur í siðum og látbragði og allri háttsemi, og komast til jafns við hann þannig, í stað þess að lyfta honum upp og gjöra jöfnuðinn á þann hátt.

Ef eins mjög og lögd er stund á að kenna mönnum beyging latneskra sagna og föll nafnorða, væri lögd stund á að kenna mönnum beyging sálarinnar, þá sönnu og rjettu, eða föll andans, færi þetta alt brátt að lagast. Það er virðingarvert að kunna að beygja latneskar sagnir í öllum háttum og tíðum eða nafnorð í öllum föllum, en þó er hinn lærdómurinn meira verður og ber meiri ávexti í fjelagslífinu. Hann er notaður dags-daglega og fyrir fleiri þá, gjörður auðveldur að nema. En hinn er sjaldan um hönd hafður af þeim sem nokkurn smekk eiga til að bera. —

Alt þetta snertir hvers dags-lífið. Það eru siðir í algengum skilningi. Það eru hugsanir holdi klæddar, um gildi og virðingu persónuleikans sjálfs, hversu hann fer nálægt fegurðar fmynd lífsins. Öll tilveran er íklædd vissri fegurð. Og siðir manna eru tilraun til þess, að draga þá fegurð fram í sýnilegri mynd, með